

Ed.

842. Breytingartillögur

við frv. til 1. um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 42. gr. Greinin orðist svo:

Sjúkrabætur greiðast frá og með 8. veikindadegi og í allt að 26 vikur sams tals á einu ári, enda geti sjúklingurinn sýnt fram á, að tekjur hans hafi minnkað verulega vegna veikindanna. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvist er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 10 daga.

Nú heldur hinn sjúki atvinnutekjum sínum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði,

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

2. Við 43. gr. Greinin falli niður.

3. Við 44. gr. Annar og þriðji málsliður 1. málsgreinar falli niður.

4. Við 107. gr. Greinin orðist svo:

Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Kvæntir karlar	kr. 140.00	á ári.
Ókvæntir karlar	— 110.00 —	
Ógiftar konur	— 85.00 —	

Auk þessara iðgjalda skal sérhver tryggingarskyldur maður, karl eða kona, greiða 1% af hreinum tekjum að frádregnu persónugjaldi, er sé kr. 1200.00 fyrir hvern einstakling og kr. 800.00 fyrir hvert barn, er framteljandi hefur á framfæri sinu, hvort tveggja umreiknað eftir visitölu kauplagsnefndar.